

Stjórnar fundur UMSB 9. apríl 2013

Mættir: Sigurður Guðmundsson, Kristín Gunnarsdóttir, Ásgeir Ásgeirsson, Aðalsteinn Símonarson, Þórhildur María Kristinsdóttir og Hrönn Jónsdóttir

Umsókn um 5. Landsmót UMFÍ 2015

Flemming kom og ræddi með okkur hugmyndir um landsmót UMFÍ 50+. Margar og góðar hugmyndir komu fram um stað fyrir mótið og hvernig því skal háttað og hvaða greinar eigi að bjóða uppá. Ákveðið var að láta slag standa og sækja um landsmót UMFÍ 50+ svo og 19. Unglingalandsmóti 2016 og 28. og 29. Landsmót UMFÍ 2017 og 2021.

Flemming vék af fundi.

Skipa þarf í laganefnd UMSB: samþykkt var á sambandsþingi að skipa nefnd til að fara yfir lög sambandsins með heildaryfirsýn og skila heildstæðum tillögum um breytingar á þing 2014.

Uppástungur að nefndarmönnum eru þau Guðmundur Þorsteinsson, Agnes Guðmundsdóttir og Jón Ásgeir Sigurvinsson, auk Aðalsteins Símonarsonar f.h. stjórnar

Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar

Félagið óskar formlega eftir því að sjá um Frjálsíþróttaskóla UMFÍ í sumar ásamt því að taka að sér Sam-vest samstarfið.

Ásgeir nefndi að félagið þurfi fjármagn til að geta hafið starf. Samþykkt að Frjálsíþróttafélagið sjái um skólann en að UMSB verði bakhjarl og haldi utan um kostnað. Sigurður leggur til 80% -20% skiptingu á hagnaði og félagið fái aðgang af öllu því sem til er svo og greiðan aðgang að framkvæmdastjóra UMSB, en þeir sjái um framkvæmd og útvega fólk í vinnu við skólann.

Saga sambandsins: Koma þarf sögu sambandsins á rafrænt form. Útbúa þarf betri heimasíðu sambandsins og færa þar inn 10 ára afmælisrit. Þarft að fá einhvern til að skrifa sögu síðustu 10 ára auk þess að skanna inn myndir úr starfi sambandsins á liðnum árum.

Hrönn Jónsdóttir skoðar hentugar heimasíður og heldur áfram að færa inn á hana. Fá Guðmund Sigurðsson til að taka að sér skrif síðustu 10 ára. Þórhildur María ætlar að hafa samband við Guðlaug Óskarsson um að koma myndum sambandsins á rafrænt form.

Héraðsmót: Samþykkt að UMSB standi ekki beint að mótum, en styðji félögi til að taka þau að sér.

Hrönn sendi bréf á öll aðildarfélög og hvetja þau til að sækja um að halda mót með aðstoð UMSB. Aðstoð sambandsins felst í kaupum á verðlaunum og aðstoð við framkvæmd.

Starfsmarkmið: Standa við starfsmarkmið skv. Framtíðarstefnu UMSB.

Ákveðið að ráðast í að endurskoða húsnæðismál, hvort skrifstofa eigi að vera í ráðhúsi eða í sér húsnæði. Skiptar skoðanir á þessu, en ákveðið að athuga báða kosti. Þarf að vera búíð að ganga frá samningi fyrir 31. des 2013. Ræddar leiðir til að fá Skorradalshrepp og Hvalfjarðarsveit með inni samstarf. Óska þarf eftir viðræðum við Borgarbyggð v/Íþróttaskóla fyrir 1. ágúst en mikilvægt að nýr framkvæmdarstjóri sé með í ráðum. Hugmyndir um að halda formannafund vegna fyrirmyndafélags og framkvæmd þess. Ákveðið að reyna að fá Viðar verkefnisstjóra Fyrirmyndarfélags ÍSí til að koma og halda kynningu fyrir stjórn UMSB fyrst og fá hann svo til að kynna þetta fyrir formönnum félaga. Hrönn ætlar að hafa samband við Viðar og athuga með að fá hann til okkar á fund 7. maí.

Ákveðið var að auglýsa stöðu framkvæmdastjóra til umsókna.

Undirskrift samnings milli UMSB og Borgarbyggðar.

Ákveðið að láta fjölmiðla vita af undirskrift til að auka umfjölun og reyna að vera svolítið áberandi. Gæt reynst gott fyrir fyrirhugaðar umsóknir um Landsmót UMFÍ.

Þórhildur María Kristinsdóttir